

## Ráðstefnan Sjálfbært Suðurland: ÚRGANGSMÁL OG SAMEIGINLEGIR HAGSMUNIR sveitarfélaganna í umhverfismálum

**Frá** : Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir <gudrun@nyheimar.is>  
**CC** : 'Þórður Freyr Sigurðsson' <thordur@sudurland.is>; Elísabet Björney Lárusdóttir <elisabet@bjorney.is>; Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir <gudrun@nyheimar.is>  
**Heiti** : Ráðstefnan Sjálfbært Suðurland: ÚRGANGSMÁL OG SAMEIGINLEGIR HAGSMUNIR sveitarfélaganna í umhverfismálum  
**Málsnúmer** : 1609005  
**Málsaðili** : Samtök sunnlenskra sveitarfél  
**Skráð dags** : 09.06.2017 09:26:19  
**Höfundur** : Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir <gudrun@nyheimar.is>

Ráðstefnan Sjálfbært Suðurland: **ÚRGANGSMÁL OG SAMEIGINLEGIR HAGSMUNIR sveitarfélaganna í umhverfismálum** verður haldin á vegum Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga þann **7. september 2017** í Flóahreppi.

Markmið ráðstefnunnar er að leiða saman sveitarfélög á Suðurlandi sem vilja stuðla að betri úrgangsméðhöndlun. Ráðstefnunni er ætlað að vera samráðsvettvangur fyrir málaflokkinn og til tengslamyndunar milli sveitarfélaga, fyrirtækja og einstaklinga um úrgangsmál.

Ráðstefnan er eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands 2017. Sveitarstjórnarfólki og starfsfólki á sviði umhverfis- og skipulagsmála hjá sveitarfélögum á Suðurlandi er boðið til ráðstefnunnar. Ráðgert er að dagskráin standi frá kl. 10:00 til 16:00. Um verður að ræða ráðstefnu í formi fyrirlestra sem lýkur með stuttri vinnustofu þátttakenda.

Staðfest dagskrá liggur ekki fyrir en hvetjum við aðila til að **taka daginn frá**.

Meðfylgjandi er slóð inn á spurningarlista. Tilgangur þess er að meta hvernig sveitarstjórnarfólk lítur á úrgangsmál almennt og hvaða hugmyndir eru á lofti um málaflokkinn í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Niðurstöður könnunarinnar verða síðan kynntar og nýttar í umræðum á ráðstefnunni. Hvetjum við sveitarfélögin til að svara sem fyrst.

### **Linkur á könnun:**

<https://www.surveymonkey.com/r/9NSXJTW>

Með fyrirfram þökk,

**Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir**  
Atvinnuráðgjafi og verkefnastjóri  
Þekkingarsetrið Nýheimar Höfn

**Elísabet Björney Lárusdóttir**  
Umhverfisfræðingur og verkefnastjóri  
Sjálfbærnimiðstöð Íslands